

Controll® Topseal

Verndar og styrkir steypu



Topseal myndar áhrifamikla hindrun á raka á yfirborði steyptra veggja. Verndin er langvarandi, yfirborð er opið fyrir útgufun og verndar náttúrulegt útlit.

Topseal myndar vatnspétta vörn fyrir gleypin efni eins og steinsteypu, múrhúð og steinhleðslu.

Topseal er notað til að varnar gegn vatni sem veldur skemmdum t.d. vegna raka, veðrunar, útstreymis og hrúðumyndunar.

Topseal veitir einnig góða vörn gegn eyðileggjandi útfjólublárrí geislun. Sílikötin í Topseal hafa styrkjandi áhrif og binda ryk.

Topseal smýgur djúpt inn í sprungur, örsprungur og smáholur án þess að mynda einangraða filmu. Efnahvarf á sér stað milli salta og steinda sem myndar mjög hart kalsíum silikat hydríð.

Þetta leiðir til krystalmyndunar sem stöðvar flutning vatns en hleypir vatnsgufu í gegn. Vegna þess að vörnin liggur langt inni í fletinum þá er hún ónæm fyrir ytra álagi eins og svörfun og höggum á flötinn.

Ef flöturinn hefur veðrast, hefur vandamál með raka eða aukin áhætta á ryðgun steypujárns þá ætti að formeðhöndla flötinn með Controll®Innerseal.

Topseal er ekki hentugt fyrir steypufleti sem verða fyrir miklu slit og tærast upp eða eru í snertingu við ætandi vökva. Þá er betra að nota efnin Controll®Innerseal og Controll®Innerseal Plus(+). Topseal er lokameðferð og ekki er hægt að mála yfir efnið á komandi árum.

Til notkunar á:

- Múr
- Undirstöður
- Sökkjar
- Veggir
- Strompar
- Gólf úti
- Tígulsteinar

Fletir:

- Múrsteinn
- Pússning/múr
- Steypa
- Kalksteinn (Limestone)
- Sandsteinn
- Hvítur marmari
- Fúga
- Gljúpur náttúrusteinn

Kostir:

- Vottað efni
- Vatnsfráhrindandi
- Eykur líftíma
- Verndar útlitið
- Verndar gegn veðrun

1504-2 System 2+



Controll® Topseal

Verndar og styrkir steypu

VINNSLUFERLI:

Innerseal er afhent tilbúið til notkunar og þarf ekki að blanda með öðrum efnum eða þynnum. Hristið umbúðir fyrir notkun. Yfirborðið sem bera á efnið á þarf að vera laust við ryk, málningu, fitu eða önnur yfirborðsefni sem geta hindrað frásog yfirborðsins. Steypuskemmdir og sjáanlegar sprungur þarf að gera við áður en efnið er borið á flötinn. Breiða skal yfir gler, ál og málaða fleti til að koma í veg fyrir ætingu. Gætið þess að efnið berist ekki áfram ef að efninu er sprejjað á flötinn. Ef efnið berst á áður nefnda fleti skal skola strax með vatni og ef nauðsyn krefur, hreinsa með sýru; t.d. Controll® ConClean. Hitastig á meðan efnið er borið á og einn sólahring í kjölfarið skal vera +5 °C. Forðist að bera efnið á fleti sem sól skín beint á. Berið efnið á flötinn með spreibrúsa. Á smærri fleti má nota málningar-rúllu til að bera efnið á. Venjulega er nóg að bera efnið á einu sinni en ef flöturinn sýgur vökvann mjög mikið í sig þá gæti þurft að fara aðra umferð á meðan efnið hefur ekki þornað. Best er að prófa efnið á litlum fleti áður en borið er á allan flötinn og meta árangurinn eftir 7-14 daga. Topseal þornar og krystallast frekar hratt. Af þessum ástæðum þarf að bera efnið á flötinn án hlés. Ofgnótt af efninu á fletinum þarf að þurrka af með hreinum þurrum klút.

ÞURRTÍMI:

Snertþurrt eftir 20-30 mín. Það má ganga á fletinum eftir 12 tíma og flöturinn má komast í snertingu við vatn eftir 24 tíma.

EFNISNOTKUN:

0.15-0.3 l/m², veltur á hvernig flöturinn er og hvað hann drekkur í sig. Gera skal prufu til að áætla magnið sem nota þarf.

HREINSUN:

Áhöld: vatn. Húð: sápa og vatn.

VIÐHALD:

Ekki skal nota hreinsiefni fyrir flötinn með pH gildi undir < 7. Fyrir gólf er mælt með sápu fyrir steypu sem inniheldur silíköti.

HEILSA OG ÖRYGGI:

Notið aðeins í rýmum sem eru el loftræst. Notið hlífðargrímu þegar efninu er úðað á fleti þar sem úðinn getur valdið óþægindum ef hann berst í öndunarveg. Efninu fylgja engin þekkt skaðleg áhrif en mælt er samt sem áður með því að nota hanska og hlífðargleraugu þegar unnið er með efnið. Lesið vel öryggisleiðbeiningarblað áður en vinna hefst.

UMHVERFISVOTTUN / ÚTTEKTIR:

Mælt með efninu af Scandinavian Byggvarubedöminnen (Green Building Material Assessment) og SundaHus. ECO Institute: (Þýskalandi) Frítt frá VOC, krabbameinsvaldandi efnun, stökkbreytingum og efnunum sem eru skaðleg gagnvart æxlun.

CE MARKING EN 1504-2:2004, SYSTEM 2+:

Efni og efnakerfi til varnar og viðgerða á steinsteypum mannvirkjum - part 2: Yfirborðvarnarefni fyrir steinsteypu table: ZA.1b / ZA.1A



CE MARKING EN 1504-2:2004, SYSTEM 2+:

Efni og efnakerfi til varnar og viðgerða á steinsteypum mannvirkjum - part 2: Yfirborðvarnarefni fyrir steinsteypu table: ZA.1b / ZA.1A



Údráttur úr prófunum um virkni efnisins:

Dýpt yfirborðsvarnar	Class I ≤ 10 mm
Slitþol	Class I > 30%
Viðbrögð við eldi	Euro class 1 (fireproof)
Hættuleg efni with	5.4 / No requirements

TÖLULEG GILDI EFNIS Í VÖKVAFORMI:

Útlit	vökvi
Efnisvirkni	Potassium methyl silicate
pH	11,4
VOC efni	0g/ml 20°
Þéttleiki (Eðlismassi)	1.0g/ml 20°
Íkveikjuhitastig	Óbrennanlegt
Frostmark	0° C
Við bruna	Euro class 1 / Óbrennanlegt
Pakkningar	20l / 1000l
Geymsla/geymsluþol	Kalt, dimmt umhverfi / > 36 mánuðir.
Eiginleikar prófaðir og samþykktir í samræmi við:	
- miðað við NS-EN 14 630 ≤ 4.3mm (Class 1)

FRAMLEIÐANDI:

Betongtett A/S, Noregur

UMBOÐSAÐILI:

GSR EHF.
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
www.gsr.is
gsr@gsr.is
Sími: 660-2424

